

Safnasafnið

Icelandic Folk and Outsider Art Museum

---

2020



## Safnið

---

Safnasafnið var stofnað 1995 af þeim Nielsi Hafstein og Magnhildi Sigurðardóttur og fagnar því 25 ára afmæli á þessu ári. Af því tilefni er á sýningum safnsins þetta árið sýnt fjölbreytt úrval úr safneigninni og skapað létt og leikandi flæði milli sala og hæða. Gróður leikur stórt hlutverk í sýningunum en einnig letur, umhverfismál, huldufólk, barnslegt hugarfar, kjarnar, innsæi og fagurfræði. Kynnt eru verk eftir um 150 þekktu sem óþekktu höfunda til að flagga fjölbreytileika safneignarinnar. Allar sýningar í ár eru á dagskrá *Listahátíðar í Reykjavík*.

Sýningaraðstaðan samanstendur af gamla barnaskólanum, sem jafnframt var þinghús Svalbarðshrepps, og kaupfélagshúsinu *Gömlu-Búð* sem reist var árið 1900 á Svalbarðseyri en flutt á safnlóðina árið 2006 og endurgert. eru þessi tvö virðulegu hús tengd saman með nútímalegri viðbyggingu og mynda 10 misstóra sali og alls um 500 fermetra af sýningarrými.

Stofnendur hafa í rúm 30 ár safnað af ástríðu verkum helstu alþýðulistamanna landsins, listamanna sem af ýmsum ástæðum hafa verið á jaðrinum eða utanveltu við meginstrauma, stundum kallaðir næfir eða einfarar í myndlistinni, en eru í raun beintengdir sköpunarverkinu; sannir, óspilltir og frjálsir.

Safnasafnið hefur þá sérstöðu meðal listasafna á Íslandi að safna jöfnum höndum list eftir leika sem lærða, þó að meginstofni verkum sjálfmenntaðra listamanna. Safneignin telur um 6.000 listaverk, gerð af rúmlega 300 lærðum og sjálf lærðum listamönnum, frá miðri nítjándu öld til dagsins í dag.

Safnasafnið stendur við Þjóðveginn ofan við Svalbarðseyri, austanmegin við Eyjafjörð, aðeins um 10 mínútna akstur frá Akureyri.



## The museum

---

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum was founded in 1995 by Niels Hafstein and Magnhildur Sigurðardóttir and hence it celebrates its 25<sup>th</sup> anniversary this year. To mark the anniversary it was decided to display a greater variety of works from the collection, creating a playful flow within and between exhibitions. Flowers and plants play a big part, as do environmental issues together with texts, calligraphy and stories of elves. True to the museum's policy there is emphasis on aesthetic values, intuition, playfulness and purity of heart, and under the surface of things the unsuspected may be just within reach and come as a delightful surprise. On display are works by 150 known and unknown artists, to give some idea of the great diversity of the collection. All of this year's exhibitions contribute to the *Reykjavík Arts Festival*.

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum's exhibition space consists of two adjoining vintage buildings with a local history; one is the former elementary school and community centre, while the other was built in 1900 to house the district's first co-operative store. The museum has 10 separate galleries of various sizes, a total of 500 square metres of exhibition space.

For over 30 years the museum's founders have been passionately committed to collecting artworks by artists who have hitherto been seen as outside the cultural mainstream, often also called naïve or brut – artists who have a real and direct connection to an original creative spirit; true, unspoiled and free.

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum is a unique art museum in Iceland, initially collecting artworks by all major contemporary folk artists and autodidacts in Iceland, whose works form the core of the collection, while also gradually acquiring an excellent collection of art by professional artists. The base collection consists today of about 6,000 artworks by over 300 artists, dating from the mid 19th century to the present.

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum is located in North Iceland, near Svalbarðseyri on the eastern side of Eyjafjörður, just about 10 minutes' drive from the town of Akureyri.



## Bókastofa

Í bókastofunni eru ógrynni bóka og fræðiritu um flestar helstu listgreinar, svo sem myndlist, hönnun, arkitektúr, textíl og handverk. Fræðafólk og áhugamenn geta þar einnig fengið aðgang að upplýsingum um sýningarhald, safneign og rannsóknir Safnasafnsins á alþýðulist og sérstæðum listamönnum.

Í bókastofunni eru í ár sýndar myndir, skrift- og leturdæmi úr handritum sem varðveitt eru í handritadeild Landsbókasafns Íslands. Eru þessi verk hluti af yfirgripsmiklu rannsóknarverkefni sem unnið var árið 2003 af Ásrúnu Kristjánsdóttur og fjallaði um myndlýsingar sem finna má í fornum íslenskum handritum. Fékk Safnasafnið 78 verk úr rannsókninni að gjöf árið 2008.

## The Library

The museum library contains hundreds of books and vast source material about visual arts, design, architecture, textile and crafts. It also includes source material about the museum, its exhibitions since the outset, the collection and the museum's own research on folk art and outsider artists.

In the library are displayed illuminations and examples of lettering and ornament in manuscripts preserved in the National Library of Iceland. These examples are part of an extensive research project carried out in 2003 by Ásrún Kristjánsdóttir, mapping illuminations and artworks in old Icelandic manuscripts. In 2008 Safnasafnið museum was presented with 78 works from the project.



## Ragnar Bjarnason

---

Ragnar Bjarnason (1909-1977) fæddist að Öndverðarnesi í Grímsnesi. Hann vann í fyrstu hefðbundin störf til sjávar og sveita en fluttist um þrítugt til Reykjavíkur og vann þar lengst af við smíðar. Árið 1958 byrjaði hann að móta listaverk úr járnbentri steinsteypu sem hann málaði og kom fyrir í garði sínum í Eikjuvogi 26. Mörg verkanna eru innblásin úr þjóðsögum eða lýsa vinnubrögðum hverfandi tíma í sveitum.

Listasafn Árnesinga fékk verk Ragnars að gjöf að honum látnum. Safnasafnið óskaði eftir nokkrum verkum að láni til sýningar 1998 og nokkrum misserum síðar var gerður samningur um lán á fleiri verkum Ragnars. Síðan hafa þau tekið fagnandi á móti gestum safnsins, bæði úti og inni. Sumarið 2019 ákvað stjórn Listasafns Árnesinga að gefa Safnasafninu öll verk Ragnars til eignar og varðveislu um ókomna tíð.

Ragnar Bjarnason was born at Öndverðarnes, a farm in south Iceland, where he grew up. After working initially as farmer and fisherman, around the age of thirty he moved to Reykjavík and worked as a carpenter and builder. In 1958 Ragnar started to make works of art from reinforced concrete, which he painted and displayed in his garden in the Reykjavík suburbs. The artist's works are inspired by myth and folklore, along with the working methods of a vanishing rural life.

After Ragnar's death his works were donated to the LÁ Art Museum in south Iceland. In 1998 the Folk and Outsider Art Museum asked for some of Ragnar's works to be loaned for exhibition at the museum, and they arrived just in time for the opening that year. A few years later an agreement was made between the two art museums for the loan of more of Ragnar's works, and since then they have greeted the museum's guests on arrival, both outdoors and indoors. In the summer of 2019 the LÁ Art Museum decided to donate all of Ragnar's works to the Folk and Outsider Art Museum, for permanent preservation and full ownership.



## Verslunin / The Store

---

Verslun Ásgeirs G. Gunnlaugssonar & Co var í Austurstræti í Reykjavík og í eigu sömu fjölskyldu frá 1907 til 2006 þegar hún var lögð niður. Í dag eru innréttingarnar notaðar sem umgjörð um sýningar tengdar textíl, hannyrðum og handverkshefðum.

Í ár er sýndur *kyrtill* sem Magnhildur Sigurðardóttir saumaði samkvæmt hugmyndum Sigurðar Guðmundssonar málara (1833–1874) sem hann setti fram árið 1870 til að stuðla að endurnýjun íslenska kvenbúningsins.


Þá eru sýnd um 230 ilmvatnsglös sem Sara Hólm á Akureyri gaf safninu 2018. Glösin eru frá helstu tískuhúsum veraldar og hönnuð af frægum listamönnum, þar á meðal Salvador Dali og Pablo Picasso.



The Ásgeir G. Gunnlaugsson & Co shop was located in Austurstræti in Reykjavík, in the ownership of the same family from 1907 to 2006, when it closed down. Today the interior fittings are used as a setting for craft and textile-related exhibitions.

This year's exhibition in the shop shows a version of the Icelandic national costume for women, a *kyrtill* (kyrtle) by Magnhildur Sigurðardóttir. The costume is based on ideas put forward in 1870 by Sigurður Guðmundsson, known as the Painter (1833–1874).

Also on display in the shop are 230 perfume bottles, donated by Sara Hólm in 2018. The bottles are from major fashion brands of the world, designed by famous artists, including Salvador Dali and Pablo Picasso.



## Suðurstofa

---

Í innra rými verslunarinnar, svokallaðri Suðurstofu, er sýningin *In human form*. Á sýningunni má sjá meira en 50 verk úr safneign Safnasafnsins eftir rúmlega 30 ólíka listamenn. Sum verkin eru gamlir kunningjar og hafa verið sýnd áður í öðru samhengi — en önnur hafa aldrei fengið tækifæri til að sýna sig. Í öllum verkunum má sjá útlínur manneskjunnar og bregður fyrir í sumum þeirra kynjasýnum á mörkum mennskunnar. Safnasafnið hefur frá upphafi lagt ríka áherslu á fjölbreytta tjáningu á sjálfri listamanna, hvort sem hún birtist í þeirra eigin spegilmynd eða á sér aðrar birtingarmyndir.

## The south wing

---

In the shop's inner area, so called south wing, is the exhibition *In human form*. The exhibition displays more than 50 artworks selected from the collection, made by over 30 different artists. Some of the works have been exhibited before in different contexts, while others have never been displayed until now. In all the works the outline of the human form can be detected, quite obviously in some, while in other bizarre variants it is hardly recognizable. From the outset the Folk and Outsider Art Museum has placed emphasis on the diverse expression of the artist's self – whether in a reflection of themselves, or in other manifestations.



### Blómstur – Sölvi Helgason í 200 ár

Listamaðurinn Sölvi Helgason (1820–1895) fæddist að Fjalli í Sléttuhlíð í Skagafirði árið 1820 og til að minnast þessara 200 ára tímamóta setur Safnasafnið upp sýningu á verkum hans. Sölvi Helgason, eða *Sólon Íslandus* eins og hann kallaði sig líka, lifði þá tíma þegar íslensku alþýðufólki voru settar skorður með vistarbandi og takmörkuðu ferðafrelsi. Sölvi gerði uppreisn gegn þessum reglum, ferðaðist um landið og leit á sig sem sjálfmenntaðan listamann og fræðimann. Fyrir það uppskar hann hýðingar og fangelsisdóma. Á sama tíma og Sölvi var á faraldsfæti og átti í útistöðum við yfirvöld skapaði hann einstæð listaverk sem einkennast af blómstrúði og blómafléttum. Sölvi Helgason hlaut ekki viðurkenningu í lifandi lífi, en í dag getum við ekki annað en dáðst að sköpunarverki þessa fátæka förumanns.

Á sýningunni eru sýnd ellefu áður óþekkt verk eftir Sólva Helgason sem varðveist hafa í Danmörku. Eirlægar þakkir fyrir að lána verkin á sýninguna fá eigendur þeirra; Birgitte Herbert Nielsen, Hanne Hendil, Jesper Herbert-Nielsen, Kirsten Herbert Rønnebek og Lisbeth Herbert Møller.

### Blossoms – Sölvi Helgason (1820–1895)

Sölvi Helgason was born 200 years ago at Fjall, a farm in Skagafjörður, north Iceland. To commemorate this anniversary the Icelandic Folk and Outsider Art Museum has set up an exhibition of his works. Sölvi Helgason, or *Solon Islandus* as he also called himself, was born into poverty – at a time when Icelandic law compelled those who had no land of their own to work on farms under annual contracts, and forbade unauthorised travel outside their local district. Sölvi disregarded these limitations, maintaining that his art provided full justification for him to be allowed freedom of movement. Hence he became renowned all over Iceland for his roving, and his dealings with the authorities who repeatedly punished him with flogging and imprisonment. While wandering the countryside and dealing with authorities, Sölvi created unique artworks with tendrils and floral ornament, which are so typical of his art.

A notable aspect of this exhibition is that it includes eleven previously unknown works by Sölvi Helgason from a private collection in Denmark. Sincere thanks for the loan of the works to the owners: Birgitte Herbert Nielsen, Hanne Hendil, Jesper Herbert-Nielsen, Kirsten Herbert Rønnebek and Lisbeth Herbert Møller.





## Exhibitions 2020

---

### Gróður jarðar og hugarflugs

Á þessari sýningu hefur sýningarstjórinn, Niels Hafstein, skapað sannkallaðan töfragarð í þeim tilgangi að kynna listaverk og gripi úr safneign eftir sem flesta höfundu og sýna ólíkar hugmyndir þeirra, aðferðir og efnisval. Fjallað er um tún, úthaga, þúfur, tré og runna, blóm, ávexti og grænmeti. En þó gróðurinn sé í aðalhlutverki eru verkin á sýningunni ekki einskorðuð við hann, því menn og dýr koma við sögu í nálægð augans eða fjarvidd landslagsins. Þá býr ýmislegt óvænt að baki eða er innan seilingar. Settar eru fram andstæður og samstæður, stærðir, form, litir, slétt og gróf áferð til að fá heild á hvern vegg, sem tengjast svo með áherslum og sjónlínum um rýmið, þjappa verkunum saman og veita gestum safnsins margslungna upplifun.

### Fruits of Earth and Imagination

In this exhibition curator Niels Hafstein has created a true garden of magic and delight, with the objective of displaying art works and objects from the collection made by a large number of artists, showing the diversity of their ideas, methods and choice of materials. The works take as their subject grassfields, pastureland, tussocks, trees and bushes, flowers, fruits and vegetables. But, while vegetation takes centre stage in the exhibition, that is not its sole focus, as humans and animals also feature – in the proximity of the eye or the perspective of the landscape. And behind, or within reach, lurks the unexpected. Opposites and parallels are presented – sizes, shapes, colours, smooth or rough textures, to establish unity on each wall, establishing connections throughout the space via emphases and sightlines, bringing the works together and providing the visitor with a multifaceted experience.



### Helena Ósk Jónsdóttir

Helena Ósk Jónsdóttir (f. 1999) þróaði fljótt með sér afar sérstakan stíl í teikningu, einkum í myndum af hestum sem hún kynntist í æsku og hefur mikið yndi af. Helena Ósk hefur góða tilfinningu fyrir stemningu og biður oft nærstadda að hlusta á áhöldin þegar hún teiknar, að nema skrifjaf í blaði og hvernig blýantur og litir ferðast um það. Á sýningunni er raðað saman teikningum, skúlptúrum og fjöldaframléiddum plasthestum sem Helena Ósk hefur farið fimur höndum um og sveigt að listrænum kröfum sínum. Er ástríða hennar og næmi fyrir dýrum augljós og kemur sterklega fram í myndum hennar. Sýningin er framlag Safnasafnsins til hátíðarinnar *Listar án landamæra*.

Helena Ósk Jónsdóttir (b. 1999) developed at an early age her own personal drawing style, initially in her pictures of horses – which have played an important role in her life since childhood. Helena Ósk has a strong sense of ambiance, and she will often ask those who are with her to listen to her art tools as she draws – observe the rustle of the paper, and how the pencil and colour travel across it. In the exhibition, drawings and sculptures by Helena Ósk are displayed along with mass-produced plastic horses which the artist has artfully adapted. Her passion and sensitivity for animals is powerfully expressed in her works. This exhibition is part of the annual festival *Art Without Borders*.



## Sólheimar 90 ára

Hið óviðjafnanlega sjálfbæra samfélag að Sólheimum í Grímsnesi fagnar 90 ára afmæli í ár. Listaverk eftir listafólkið sem er búsett að Sólheimum hafa löngum heillað þá sem hrífast af hispursleysi og einlægni sem einkennir verkin, þeirra á meðal stofnendur Safnasafnsins sem áttu þó nokkurn fjölda listaverka frá Sólheimum við stofnun safnsins. Var þannig frá upphafi lagður grunnur að blómstrandi samskiptum með reglulegum sýningum í Safnasafninu í samstarfi við Sólheima. Að afloknum sýningunum hafa mörg verkanna verið gefin til safnsins og þegar litið er yfir farinn veg er gaman að sjá fjölbreytnina í verkum listafólksins og skynja gleðina sem býr að baki. Sýningin er framlag Safnasafnsins til hátíðarinnar *List án landamæra* og stendur í tvö ár.

## Sólheimar Ecovillage

The unique ecovillage at Sólheimar in South Iceland, a sustainable community known for its artistic and ecological ambience, celebrates its 90th anniversary this year. At Sólheimar around 100 people live and work together, growing vegetables and creating artworks in painting, woodwork, weaving, candlemaking and ceramic workshops. The founders of Safnasafnið were long ago drawn to these enchanting artworks, and long before they founded the museum they had already acquired works by some of the artists living at Sólheimar. This was the beginning of a fruitful collaboration between the two institutions, with the museum regularly hosting exhibitions by artists from Sólheimar. Often the artworks on display were then donated to the museum, and over the years a fine collection has been built up, showing the great variety and joyful creativity of the artists. This exhibition is the Museum's contribution to the annual art festival *Art Without Borders*, and will be on display for two years.



### Hreinn Friðfinnsson

Í fínlegum og ljóðrænum verkum sínum vinnur Hreinn Friðfinnsson með ljósmyndir, texta, sögur og sagnir, drauma og yfirnáttúruleg fyrirbæri, og oft eru verkin með léttum húmorískum undirtón. Á sýningunni í Safnasafninu vinnur Hreinn meðal annars með einkennilegan atburð sem átti sér stað í Safnasafninu fyrir allöngu, sem vísar til og styrkir þá trú og skoðun margra að í nágrenni þess séu huldufólksbyggðir.

In Hreinn Friðfinnsson's delicate and lyrical artworks he frequently uses photographs, text, stories and folklore, dreams and supernatural events, often with a delicate sense of humour. In one of his works displayed at the museum, an event is explored that took place at the Folk and Outsider Art Museum some time ago – evoking and reinforcing the view held by some, that the museum is surrounded by communities of hidden people.



### Magnús Logi Kristinsson

Í listsköpun sinni hefur Magnús Logi einkum lagt áherslu á gjörninga og í meðförum hans verður tungumál og líkami að því viðum og byggingarfræðilegum listflutningi. Á sýningunni í Safnasafninu eru ljósmyndir af ýmsum gjörningum Magnúsar Loga þar sem hann notar líkama sinn eins og skúlptúr, hreyfist varla og leyfir áhorfendum að koma og fara að vild á meðan á gjörningnum stendur.

In Magnús Logi's performance-based practice, language and the body have become structural and sculptural forms. The exhibition at the Folk and Outsider Art Museum includes photographs of his various performances, where he uses colour on his own body and acts as a living sculpture; as a rule he stands motionless as a statue, while observers may come and go as they please during the performance.




## Exhibitions 2020

---

### Niels Hafstein

Niels Hafstein hefur um langt árabil verið brautryðjandi í íslensku myndlistarlífi, bæði sem sjálfstætt starfandi myndlistarmaður og sem aflvaki í margvíslegu menningarlífi. Á sýningu sinni stillir hann upp teikningum, ljósmyndum, málverkum, filmum og skúlptúrum á fagurfræðilegan hátt og setur í frumlegt samhengi til að vekja athygli á vatnsskortri og óþægilegum staðreyndum um vistkerfi sjávar.

Niels Hafstein has for decades been a pioneer on the Icelandic art scene, both as an independent artist and also as innovator and creative force. In this exhibition, Niels presents drawings, films, paintings, photos and sculptures in an aesthetic composition and an inventive context in order to draw attention to water shortage and uncomfortable truths about the ecology of the oceans.




### **Gunnhildur Hauksdóttir og Jóhanna Jóhannsdóttir**

Gunnhildur Hauksdóttir býr jöfnum hönd-um til tvívíð verk, skúlptúra, innsetningar, hljóðverk, myndbönd og gjörninga og blandar þeim miðlum gjarnan saman. Safnasafnið bað Gunnhildi um að semja hljóðverk við uppdrætti fyrir myndvefnað eftir Jóhönnu Jóhannsdóttur sem eru í eigu Safnasafnsins. Í hljóðverkinu er stuðst við slátt vefstóls með söngróddum lögðum yfir vefmunstrin og í uppsetningu sýningarinnar er leitast við að kalla fram hreyfingu og flæði í takt við þann hljóðheim sem Gunnhildur hefur skapað. Saman mynda þessi ólíku form sjálfstæða margslungna heild sem brúar bilið á milli miðla og ólíkra kynslóða.

Jóhanna Jóhannsdóttir (1918–1985) fæddist á Hellissandi á Snæfellsnesi og ólst þar upp við hannyrðir og saumaskap. Hún stundaði nám við Húsmæðraskólann á Laugalandi í Eyjafirði og hélt síðan til framhaldsnáms við Statens Håndverks- og Kunstindustrihøgskole i Noregi. Eftir hana liggur listvefnaður, rýjateppi og útsaumur en einnig vandaðar vinnubækur með munstrum, vefsýnishornum og frumdrögum að stærri verkum.

Gunnhildur Hauksdóttir makes two-dimensional works, sculptures, installations, audio works, videos and performance art, often combining the different forms. The Folk and Outsider Art Museum invited Gunnhildur to make an audio work to accompany Jóhanna Jóhannsdóttir's textile drawings belonging to the museum's collection. The clacking of the loom in weaving provides a basis, to which voices are added. The intention of the installation is to bring out movement and flow in time with the soundworld of Gunnhildur Hauksdóttir, grounded in Jóhanna's textile art. These diverse forms merge together into an autonomous, multifaceted entity that bridges the gap between generations.

Jóhanna Jóhannsdóttir (1918–1985) was born at Hellissandur, west Iceland, where she grew up doing needlework of various kinds. She studied at the Laugaland school of domestic science in Eyjafjörður, and pursued further study at Statens Håndverks- og Kunstindustrihøgskole in Norway. Jóhanna's oeuvre includes weavings, rugs and embroidery, as well as her carefully-kept workbooks with samples of patterns, textiles and sketches for larger pieces.




## Exhibitions 2020

---

### Guðrún Bergsdóttir

Guðrún Bergsdóttir byrjaði að vinna að útsaumslist sinni eftir þrítugt en þá fór hún að nota nál, garn og striga á persónulegan hátt. Aður hafði Guðrún unnið túsmyndir sem svipar um margt til útsaumsmynda hennar. Frá árinu 2000 til ársins 2018 saumaði Guðrún samtals 66 myndir án forskriftar og er úrval þeirra sýnt á sýningunni hér í Safnasafninu, þar á meðal fyrsta myndin sem hún saumaði út og sú síðasta. Þróaði Guðrún sérstakan stíl sem vakti aðdáun og höfðaði til fólks á ólíka vegu, en verk hennar tengjast bæði handverkshefðinni og geómetriski abstrakt list. Líkt og Safnasafnið ávarpa verk Guðrúnar manngerð landamæri listheimsins þar sem múrar hafa verið reistir og verk eru vegin og metin eftir ósögðum en vel þekktum reglum um gildi ólíkra verka og skapara þeirra. Sýningin er framlag Safnasafnsins til hátíðarinnar *Listar án landamæra*.

Guðrún Bergsdóttir commenced her artistic career when she was around thirty, using needle, yarn and canvas to form her own personal style. Before starting her needlework, Guðrún made pictures with tusch on paper that resemble her textiles in many ways. Over a period of 18 years between 2000 and 2018, Guðrún created her own unique style, embroidering a total of 66 original works, of which a selection is here on display, including both her first and last work of this type. Guðrún's embroidery, with roots in both traditional handicraft and geometric abstract art, has attracted great attention and admiration over the years. In harmony with the Icelandic Folk and Outsider Art Museum's agenda, Guðrún's works address the man-made borders of the Art World, with its well-known but unspoken restrictions that raise fences separating autodidact artists from trained ones, without taking account of the creative and artistic merits of their works. This exhibition is part of the annual festival *Art Without Borders*.



## Samstarf við skóla

Í ár sýna börnin í leikskólanum Álfaborg verk sín í blómastofunni inn af brúðusafninu. Árlega efnir Safnasafnið til samstarfs við grunn- og leikskóla við austanverðan Eyjafjörð. Þetta samstarf er hugsað til þess að efla listrænan áhuga og hugmyndaflug barnanna frá unga aldri, en einnig er safninu heiður og ánægja að þátttöku þeirra, lífsgleði og sköpunarkrafti.

## Collaboration with schools

This year the children at the local Álfaborg preschool show their works in the conservatory adjacent to the doll collection. The museum collaborates annually with schoolchildren from the Eyjafjörður district. The purpose of this collaboration is to foster from an early age the children's imagination and interest in art; the museum is also honoured by their participation and takes pleasure in sharing their cheerfulness and joy of creation.





## Brúðsafnið

Í brúðsafni Safnasafnsins má sjá brúður íklæddar þjóðbúningum frá öllum heims-hornum. Brúðurnar á sýningunni eru 400 talsins en í safneign eru alls um 800 gripir. Innlendir sem erlendir gestir hafa ánægju af að finna brúður frá heimalandi sínu og vilja um leið fræðast um aðrar þjóðir.

## Doll Collection

Safnasafnið holds a permanent collection of national costume dolls from all over the world. Of about 800 dolls in the collec-tion, 400 are on display. The museum's visitors enjoy finding dolls belonging to their homeland, as well as learning about other nations.



## Íbúð / Apartment

---

Í Safnasafninu er starfrækt fræðimanns-íbúð. Íbúðin er 67 m<sup>2</sup>, með sérinngangi og útbúin húsgögnum og eldunaraðstöðu. Íbúðin umfeyr fólk með hlýju andrúmslofti liðins tíma og daðrar við sjóntaugarar. Fræðimenn hafa aðgang að bókasafni og rannsóknnum Safnasafnsins skv. samkomulagi. Auk þess geta aðrir áhugasamir leigt íbúðina allt árið um kring, nánari upplýsingar eru á vefsíðu safnsins, [www.safnasafnid.is](http://www.safnasafnid.is)

A scholar's apartment at the Icelandic Folk and Outsider Art Museum is available to researchers. The residence is a 67 m<sup>2</sup> apartment with private entrance, furnished and with a fully equipped kitchen. It can sleep 1-5 people. Scholars/researchers have access to the museum library and the museum's own research material by agreement. The apartment is available for rent all year round, also by others than scholars when available. For more information see the museum website, [www.safnasafnid.is](http://www.safnasafnid.is)

## 25 ára afmæli / 25th anniversary

---

Í tilefni af 25 ára afmæli Safnasafnsins efndi Listasafn Reykjanesbæjar til samstarfs með því að setja upp viðamikla sýningu í byrjun ársins sem kallaðist *Sögur úr Safnasafni*. Voru þar sýnd málverk eftir Sigurð Einarsson og skúlpúrur eftir Hálfðan Ármann Björnsson, Jón E. Guðmundsson og Sæmundur Valdimarsson. Sýningarstjóri var Aðalsteinn Ingólfsson og er honum þakkað samstarfið.

To mark the museum's 25th anniversary the Reykjanes Art Museum wished to highlight the event by showing selected works from the collection, titled *Tales from Safnasafn Museum*. This successful and enjoyable collaboration was on the initiative of art historian Aðalsteinn Ingólfsson, who also curated. It displayed paintings by Sigurður Einarsson and sculptures by Hálfðan Ármann Björnsson, Jón E. Guðmundsson and Sæmundur Valdimarsson.



Safnasafnið  
Svalbarðsströnd, 601 Akureyri  
www.safnasafnid.is  
© Safnasafnið 2020

### Ritstjóri / Editor

Unnar Örn

### Sýningarstjórar / Curators

Arna Valsdóttir, Harpa Björnsdóttir, Magnhildur Sigurðardóttir, Margrét M. Norðdahl, Niels Hafstein, Unnar Örn

### Undirbúningur, aðstoð og þakkir

#### Preparation, assistance and thanks

Aðalsteinn Þórsson, Akureyrarbær/Davíðshús, Áslaug Thorlacius, Becky Forsythe, Bergur Þorleifsson, Finnur Arnar, Geimstofan, Guðmundur Ármann Sigurjónsson, Guðrún Bergsdóttir, Haraldur Níelsson, Helga Hauksdóttir, Ingrid Nielsen, Jenný Jóakimsdóttir, Kolbrún Björnsdóttir, Landsbóka-safn-Háskólabókasafn, Laufey Jónsdóttir, Linda Stefánsdóttir, Listasafn Reykjavíkur/ Reykjavík Art Museum, Magnús Logi Kristinsson, Markús Þór Andrésson, Minjasafnið á Akureyri, Pedró-myndir, Pétur Thomsen, Ragnheiður Gestsdóttir, Ragnheiður Þóra Ragnarsdóttir, Rannver H. Hannesson, Rúrí, Sigríður Ágústsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigríður Skaffell, Stefania Kristín Bjarnadóttir, Stefán Sigríðarson Tryggvason, Tómas Jónsson, Þóra Sigurðardóttir, Þórunn Elisabet Sveinsdóttir, Þuríður Þorleifsdóttir

### Kynningarmál / Public Relations

Margrét M. Norðdahl

### Textar / Texts

Arna Valsdóttir, Harpa Björnsdóttir, Margrét M. Norðdahl, Niels Hafstein

### Þýðing / Translation

Anna Yates

### Prófarkalestur / Proofreading

Harpa Björnsdóttir

### Forsíðuverk / Work on cover

Sólvi Helgason (1820–1895) Sólon Íslandus  
Ljósmyndir / Photographs

© Daniel Starrason, Harpa Björnsdóttir, Magnhildur Sigurðardóttir, Pétur Thomsen

### Prentun / Printing

Litróf

Upplag / Print run: 2500

Allar ljósmyndir, listaverk, texti og annað efni er verndað skv. íslenskum og alþjóðlegum höfundaréttarlögum. Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda

All photographs, artworks and text are protected under Icelandic and International Copyright Conventions. All rights reserved, including the right to reproduce this publication or any portions thereof, in any form, except for brief quotations in a review or by written permission by the authors and publisher

---

### Gjafir / Donations 2019–2020

#### Eftirtaldir listamenn gáfu verk eftir sig til safnsins

#### / The following artists donated own works to the

**museum:** Anna Línadal, Atli Már Indriðason, Bryndís Símonardóttir, Eygló Harðardóttir, Jenný Karlsdóttir, Kees Visser, Margrét M. Norðdahl, Rúna Þorkelsdóttir, Steingrímur Eyfjörð, Unnar Örn, Þórður Valdimarsson (dánarbú/estate of deceased artist)

#### Einnig bárust safninu verk eftir / Other gifts to the

#### Museum, works by: Nonni Ragnarsson (1951–1919),

gefandi / donated by Hallur Heiðar Hallsson  
Pálmi Kristinn Arngrímsson (1930–2015), gefendur

/ donated by Guðrún Helga Pálmadóttir and

Arngrímur Pálmason

Ragnar Bjarnason (1909–1977), gefandi / donated by Listasafn Árnesinga / LÁ Art Museum.

### Aðrar gjafir / Other donations by:

Aðalheiður S. Eysteinsdóttir, Guðbjörg Ringsted, Guðmundur Oddur Magnússon, Guðrún Hadda Bjarnadóttir, Guðrún Hrónn Ragnarsdóttir, Gunnhildur Hauksdóttir, Harpa Björnsdóttir, Kristín Aðalsteinsdóttir, Magnhildur Sigurðardóttir, Margrét M. Norðdahl, Niels Hafstein, Óskar Árni Óskarsson, Sara Hólm

---

### Þakkir vegna samstarfs og stuðnings

#### Thanks for collaboration and support

Birgitte Herbert Nielsen, Hanne Hendil, Jesper Herbert-Nielsen, Kirsten Herbert Rønnebek, Lisbeth Herbert Møller  
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn  
Embassy of Iceland in Copenhagen  
Hreinn Friðfinnsson  
Hönnunarsafn Íslands  
Museum of Design and Applied Art  
List án landamæra / Art Without Borders  
Listahátíð í Reykjavík / Reykjavík Arts Festival  
Listasafn Íslands / National Gallery of Iceland

Listasafn Reykjaneshæjar / Reykjaneshæjar Art Museum  
Myndlistarsjóður / Art Council Iceland  
Safnaráð / Museum Council of Iceland  
Sarpur – menningarsögulegt gagnasafn  
Cultural Heritage Database  
Svalbarðsstrandarræppur  
The Municipality of Svalbarðsströnd  
Þórður Sverrisson

Listamenn, skólar, velunnarar, aðstoðarfólk, fjölmiðlar, gestir og listvinir / Artists, schools, supporters, assistants, media, visitors and art lovers

## Sýningar / Exhibitions 2020

Sölvi Helgason

+

Gróður jarðar og hugarflugs

Fruits of Earth and Imagination

116 verk / works – 93 listamenn / artists

+

Sólheimar 90 ára

Sólheimar Ecovillage anniversary

171 verk / works – 21 listamenn / artists

+

Hjalti Skagfjörð Jósefsson

Ragnar Bjarnason

+

Helena Ósk Jónsdóttir

+

Brúðusafn / Doll collection

+

Leikskólinn Álfaborg / Álfaborg preschool

+

Huglist

Hreinn Friðfinnsson

+

Magnús Logi Kristinsson

+

Gunnhildur Hauksdóttir

Jóhanna Jóhannsdóttir

+

Guðrún Bergsdóttir

+

Niels Hafstein

+

Myndlýsingar – Illuminations

+

Magnhildur Sigurðardóttir

+

Í mannsmynd / In Human Form

56 verk / works – 33 listamenn / artists



**Safnasafnið**

**The Icelandic Folk and  
Outsider Art Museum**

+ 354 461 4066

safngeymsla@simnet.is

www.safnasafnid.is

Social media: #safnasafnid

Opið / Open

06.06.–13.09.2020

**Opunartími / Opening hours 10:00–17:00**

Tekið er á móti hópum eftir samkomulagi

Group visits by arrangement



SAFNARÁÐ